



SAMTÖK FORSTÖÐUMANNA  
SUNDSTAÐA Á ÍSLANDI

Ráðstefna haldin í Hafnarfirði, Ásvallalaug 23.október 2009

Mættir; Sjá skráningarlista

Dagskrá

Kl. 09:30 Setning og afhending gagna

Kl. 09:45 Áhættumat - hvernig á að standa að gerðs slíks mats – Vinnueftirlitið, Leifur Gústafsson og Guðmundur Kjerúlf

Kl. 10:30 Orkan í sundlaugunum, leiðir til orkusparnaðar á sund- og baðstöðum – Iceconsult, Finnur Friðrik Einarsson, orku- og lagaráðgjafi.

Kl. 11:15 Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum – Guðrún Arna Gylfadóttir ásamt stjórn í forföllum fulltrúa Umhverfisstofnunar

Kl. 12:00 Matur

Kl. 13:00 Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar ávarpar fundinn.

Kl. 13:15 **Umræðuhópar**

hópur 1 Fræðsla og nám fyrir starfsmenn sund- og baðstaða á Íslandi; drög lögð að námsleið – umsjón Ásdís Ásbjörnsdóttir og Guðrún Arna Gylfadóttir

hópur 2 Sundlaugar á samkeppnismarkaði – umsjón Hartmann Kárason

hópur 3 Umræður um orkusparnað – umsjón Jóhann Bæring Gunnarsson

hópur 4 Ásvallalaug – kynning á sundkerfum laugarinnar – Páll Halldórsson frá Metatron

hópur 5 Fræðsla og umræður um klór og kerfi – fellur niður

Kl. 14:30 Kaffi

Kl. 15:00 Aðalfundur skv. lögum SFSÍ

Kl. 16:30 Fundarslit

Kl. 17:00 Skoðunar- og fræðsluferð í boði Hafnfirðinga

Kl. 18:30 Hlé fram að kvöldverði

Kl. 19:30 Mæting í kvöldverði

Kl. 20:00 Kvöldverður í golfskálanum á Hvaleyri og skemmtun að hætti félaga SFSÍ

Ár 2009, föstudaginn 23.október var haldinn aðalfundur SFSÍ. Fundurinn var haldinn í fundarsal Ásavallalaugar og hófst kl. 15:00. Viðstaddir voru félagar í SFSÍ – sjá skráningarlista.

1. Formaður, Gunnar Hallsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Nýjum félögum var sérstaklega fagnað.
2. Formaður tilnefndi Jón Hjálmarsson sem fundarstjóra og Guðrúnu Örnú Gylfadóttur sem fundarritara. Samþykkt..
3. Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar.

## **Skýrsla stjórnar SFSI árið 2008 - 2009**

### **Stjórnina skipuðu:**

Gunnar Hallsson, formaður  
Guðmundur Ísidórsson, gjaldkeri  
Guðrún Arna Gylfadóttir, ritari  
Sveinn Rúnar Arason, meðstjórnandi  
Þórdís Egló Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Í dag eru 378 dagar frá því að við gengum af síðasta aðalfundi okkar sem haldin var í Borganesi sl. haust.

Stjórn S.F.S.Í sem þar var kjörin hélt sinn fyrsta fund 2. desember þar sem hún setti sér að kynningar og fræðslumál yrðu meginverkefni starfsársins.

Í fyrsta lagi lá fyrir vinna og námskeiðahald sem Fræðslu- og ferðanefnd hafði staðið að um nokkra ára skeið fyrir stafsfólk sundstaða. Þar að auki var á starfsárinu 2007 til 2008 ákveðið að leita til Sambands Íslenskra sveitarfélaga um samstarf til undirbúnings og gerð fræðsluáætlana fyrir stafsfólk sund- og baðstaða. Var því ritað bréf 26. mars á síðasta ári þar sem lagt var til að myndaður yrði starfshópur utan um verkefnið þar sem fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Menntamálaráðuneyti, Starfsgreinaráði, SFSÍ og hugsanlega fleiri kæmu að málinu. Það er skemmst frá því að segja að svo horfði um tíma sem erindið ætlaði að daga uppi, þó var greinilegur vilji hjá formanni sambandsins, Halldóri Halldórssyni, eftir að rætt var við hann í byrjun sumars þar sem hann sýndi því mikinn áhuga.

Það var í upphafi sumars sem Herdís Storgaard forvarnarfulltrúi hafði samband við okkur í SFSÍ og leitaði eftir liðsinni að koma á stafshópi um fræðslumál starfsfólks sundstaða.

Hafði málið þá fengið vængi á ýmsum stöðum m.a hjá RKÍ og í Menntamálaráðuneytinu sem hét stuðningi sínum við þessar hugmyndir. Herdís mætti síðan á stjórnarfund Samtakana þann 17. sept. sl. þar sem hún kynnti hugmyndir að sérstöku námi fyrir laugarverði og óskaði eftir tilnefningu fulltrúa frá SFSÍ í starfshóp sem ætlað var að undirbúa og marka námsstefnu. Stjórnin hefur tilnefnt Guðrúnu Örnú Gylfadóttur í verkefnið. Það er full ástæða til að ætla að þetta mál sé nú komið í jákvæðan farveg og að út úr þessu nefndarstarfi komi niðurstaða sem marki tímamót í fræðslumálum laugarvarða og jafnvel annarra starfsmanna sundstaða.

Í kjölfar hrunsins í efnahagslífi þjóðar okkar varð fljótlega ljóst að víða kreppti að í atvinnulífinu bæði á hinum svo kallaða frjálsa markaði sem og hjá hinu opinbera þ.e.a.s ríki og sveitarfélögum. Í langflestu tilfellum eru íþróttamannvirki hér á landi, þar með talið sund- og

baðstaðir reknir af sveitarfélögum. Fjárhagsstaða margra sveitarfélaga er erfið um þessar mundir og hætta á því að þau eiga ekki annarra kosta vöð en að grípa til aðhaldsaðgerða í rekstareiningum sínum.

Stjórn SFSÍ taldi þess vegna ástæða til að rita bréf til allra sveitarfélaga og annarra rekstaraðila sund- og baðstaða á Íslandi þar sem gerð var grein fyrir samtökum okkar um leið og rekstaraðilar voru hvattir til að gæta þess í aðhaldsaðgerðum sínum að hvergi verði slakað á öryggi notenda sund- og baðstaða og ákvæði reglugerðar um öryggi á sundstöðum verði í hávegum höfð. Í bréfinu var bent á mikilvægi þessarar starfsemi m.t.t. ástandsins í samfélaginu, þar sem þeir gegni ótvíræðu og öflugum félagslegu hlutverki auk þess að vera ódýr og góður kostur til heilsueflingar. Viðbrögð við kynningarbréfinu og ábendingu okkar voru mjög góð bæði fengum við skrifleg svör en einnig mátti sjá viðbrögð sveitarstjórnar við erindinu í fundargerðum þeirra og af fréttum. Það er full ástæða til að hvetja forstöðumenn til að halda vöku sinni og standa vörð um gildi öryggisreglna á sund- og baðstöðum.

Sérstaklega er hætt við að rekstaraðilar smærri sundstaða leiti sparnaðar í launakostnaði með því að freistast til að undirmanna vaktir og ætla þannig einum starfsmanni að sinna ýmsum öðrum verkum samfara laugarvörslu. Slíkt er að okkar mati bannað skv. reglugerð um öryggi á sundstöðum og stjórn SFSÍ hefur lagt til að þetta atriði verði enn ákveðnara og skýrara í endurskoðaðri reglugerð sem senn lítur dagsins ljós.

Leitað var eftir umsögn frá samtökunum vegna endurskoðunar reglugerðar um hollustu og öryggi á sundstöðum og þeim breytingum sem þar var lagt til. Á fundi stjórnar þann 7. maí sl. var gengið frá umsögn okkar og hún send menntamálaráðuneytinu. Reglugerðardrög þessi voru til kynningar og umræðu á ráðstefnunni okkar fyrr í dag.

Kæru félagar, ég hef nú farið yfir helstu málefni og verkefni sem stjórn samtakana hefur unnið að og fjallað um á þessu starfsári. Eins og ég gat um í upphafi míns máls míns, þá settum við kynningar og fræðslumál á oddinn í upphafi þessa starfsárs. Ég verð að segja það ég er nokkuð sáttur við þau skref sem hafa verið stigin sérstaklega á sviði fræðslumála. Þar tel ég að við höfum ná mikilvægum áfanga í áttina að einhverju sem auðveldlega gæti þróast í markvisst og skipulegt nám laugarvarða sem og annarra starfsmanna sundstaða.

Varðandi kynningu á samtökunum þá tel ég að með bréfi okkar til sveitarfélaga og annarra rekstaraðila sundstaða í landinu hafi náðst að stimpla samtökin með vissum hætti inn hjá þeim sem við helst þurfum og viljum vinna með. Ef við náum svo að leggja okkar þunga lóð á vogaskálar til fræðslu og öryggis með notendur þessara staða í fyrirrúmi og getum þannig enn frekar gæðastimplað sundstaði landsins sem þúsundir fólks sækir árlega, þá höfum við gengið veginn til góðs.

Á starfsárinu voru haldnir sex stjórnarfundir þar af einn í Bolungarvík, á tvo þessara funda mættu nefndarmenn frá Ferða- og fræðslunefnd og einn fundur var með Herdísi Storgaard um fræðslumál eins og áður er getið. Á starfsárinu fjölgaði félögum um fjóra.

Ágætu félagar, Samtökum forstöðumanna sundstaða á Íslandi er ætlað að stuðla að sameiginlegum umbótamálum fyrir félagsmenn en ekki síður eru samtökin öflugur vettvangur til að koma saman, skiptast á skoðunum og upplýsingum um hin daglegu verkefni okkar hvers og eins. Við erum nefnilega að glíma við sömu verkefnin hvort sem sundstaðurinn er stór eða lítill. Ýmis konar fræðsla og upplýsingar um t.a.m tæknibúnað þessara staða á erindi til okkar allra og því eru samskipti okkar á milli afar mikilvæg. Til þess höfum við ársfund sem einskonar miðju

Þessara samskipta en einnig og ekki síður höfum við tæki nútímans sem er internetið og tölvupósturinn að ógleymdri heimasíðunni okkar sfsi.is. Slagkraftur félagsins liggur í ykkur félagar góðir, - byrinn í seglin er krafturinn og samheldnin í þeim öflugra hóp er mynda samtökin.

Ég vil að lokum þakka meðstjórnarmönnum mínum, nefndarfólkinu og ykkur öllum fyrir skemmtilegt og einstaklega ánægjulegt samstarf á þessu fyrsta ári mínu í stól formanns. Það er full ástæða til að horfa bjartsýn fram á veg og er framtíð samtaka okkar björt, en munum að góðir hlutir gerast hægt og það er aðeins í orðabókinni sem velgengni kemur á undan vinnu.

Gunnar Hallsson  
formaður S.F.S.Í.

4. Ársreikningar lagðir fram og gerði Guðmundur Ísidórsson gjaldkeri grein fyrir þeim. Ekki voru gerðar athugasemdir við reikningana og þeir samþykktir– sjá ársreikninga SFSÍ 01.10.2008-30.09.2009 sem dreift var á fundi..
5. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.
6. Stjórn lagði til að félagsgjöld héldust óbreytt næsta starfsár. Samþykkt..
7. Kosning stjórnar. Kjörnefnd óskar eftir að fá að leggja fram tillögur um kjör gjaldkera og tveggja meðstjórnenda, kjör- og ritnefnd, ferða-og fræðslunefnd og skoðunarmenn og skoðunarmann til vara undir sama lið.  
Gjaldkeri Guðmundur Ísidórsson hljóti endurkjör.  
Meðstjórnandi Guðrún Arna Gylfadóttir hljóti endurkjör.  
Meðstjórnandi í stað Sveins Rúnars Arasonar verði Björg Snjólfsdóttir.  
Kjör- og ritnefnd verði endurkjörin  
Ferða- og fræðslunefnd verði endurkjörin  
Skoðunarmenn verði endurkjörnir  
Skoðunarmaður til vara; Einar Sturlaugsson.  
Tillagan var samþykkt einróma.

Stjórnir og nefndir SFSÍ starfsárið 2009-10 eru þá eftirfarandi.

Formaður, Gunnar Hallsson

Gjaldkeri. Guðmundur Ísidórsson

Meðstjórnendur, Björg Snjólfsdóttir, Guðrún Arna Gylfadóttir og Þórdís Eygló Sigurðardóttir.

Kjör- og ritnefnd, Hafliði Halldórsson, Vignir Sveinsson og Þórhallur Svavarsson.

Ferða- og fræðslunefnd, Pétur M. Birgisson, Björg Snjólfsdóttir og Jóhann Bæring Gunnarsson.

Skoðunarmenn, Jón Hjálmarsson og Daníel L. Pétursson.

Skoðunarmaður til vara, Einar Sturlaugsson.

8. sjá lið 7).
9. sjá lið 7).
10. Önnur mál
  - A. Formaður þakkaði fyrir og las upp boð frá Blönduósi um að halda næsta aðalfund. Fundur fagnar því.
  - B. Logi Sigurfinnsson fjallaði um dóm sem er nýfallin vegna slyss sem átti sér stað í Laugardalslaug. Hann hvetur féлага til að lesa hann og óskaði eftir að hann yrði

- aðgengilegur á innri vef heimasíðu SFSÍ. Hann óskar í kjölfarið eftir umræðu um málið á spjallvef heimasíðunnar.
- C. Fundarstjóri, Jón Hjálmarsson, tók upp mál frá ráðstefnu um morguninn þ.s. kynnt höfðu verið drög að endurskoðaðri reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Stjórn SFSÍ er búin að fá þessi drög til umsagnar. Óskað verður eftir leyfi frá Umhverfisstofnun til að birta tillöguna á innri vef heimasíðu SFSÍ þ.s. félagar geta kynnt sér hana og sent stjórn athugasemdir ef einhverjar eru. Stjórn mun síðan koma ábendingum til Umhverfisstofnunar.
  - D. Formaður fjallaði um dóm í máli Laugardalslaugar og sagði hann verða tekinn til umræðu hjá stjórn.
  - E. Jóhann Bæring Gunnarsson kynnti hugleiðingar um orkusparnað frá hópastarfi fyrir um dag. Hægt verður að nálgast þá samantekt á innri vef heimasíðu SFSÍ undir „fræðsluefni.”
  - F. Daníel Pétursson tók upp mál Laugardalslaugar. Einnig ræddi hann um endurskoðun reglugerðar og taldi það mikilvægt að fulltrúi félagsins sæti í nefnd um endurskoðun. Hann vonast til að birting reglugerðarinnar á innri vef og umræður skili niðurstöðu sem félagar SFSÍ geti orðið sáttir við.
  - G. Daníel Pétursson kom aftur í ræðustól og skilaði kveðju frá Á. Óskarssyni. Að fundi loknum muni boðið uppá drykk frá fyrirtækinu.
  - H. Benendikt Sigurjónsson tók upp mál Laugardalslaugar. Hann vakti máls á ekki sé nægilega skýrt í reglugerð með hvaða hætti eigi að merkja brautir aðeins að þær skuli vera merktar. Þetta þurfi að skýra betur í endurútgáfu reglugerðar. Benedikt tók jafnframt upp umræðu um orkusparnað. Lagði hann til að stjórn tæki hugleiðingar um klórframleiðslu úr salti til sparnaðar til alvarlegrar umræðu og settu af stað vinnuhóp sem skoðaði málið. Sambandi íslenskra sveitarfélaga yrðu síðan kynntar þær niðurstöður.
  - I. Jóhann Bæring Gunnarsson sagði frá skemmtilegu verkefni til eflingar sundmenningar á Ísafirði. Upplýsingar um verkefnið verður hægt að nálgast á innri vef heimasíðu SFSÍ undir „fræðsluefni.”
  - J. Björg Snjólfssdóttir sagði frá svipuðu verkefni í Hafnarfirri sem ætlað er að efla sundmenningu. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið á innri vef heimasíðu SFSÍ undir „fræðsluefni.”
  - K. Sveinn Benónýsson fagnaði þessum verkefnum. Benti á mörg sambærileg verkefni á erlendri grundu sem áhugavert væri að kynna sér. Hann benti jafnframt á að mikilvægt væri að vera í samvinnu við Sundsambandið í slíkum verkefnum.
  - L. Sveinn Rúnar Arason sagði frá breyttri gjaldskrá í sundlaug Húsavíkur. Framhaldsskólanemar fá nú frítt og ungmenni til 17 ára aldurs einnig. Þetta hefur verið þessum hópum til hvatningar til að mæta í laugina.
  - M. Haukur Helgi Þorvaldsson (nýr félagi) fagnaði því að hafa loks sótt um aðild að félaginu og telur það mikinn stuðning við sitt starf. Hann telur gjaldskrár sundlauga of lágar. Hann hvatti féлага til að nýta starfsstaði sína til fjölbreyttrar starfsemi t.d. að halda rokktónleika eða aðrar uppákomur.
  - N. Formaður lýsti ánægju sinni með hópastarfið og virkni þátttakenda. Hann hvatti hópstjóra til að senda ritara samantekt ef einhver væri frá starfinu til birtingar á heimasíðu SFSÍ. Einnig bauð hann Björgu Snjólfssdóttur nýjan fulltrúa í stjórn velkomna og þakkaði Sveini Rúnari Arasyni fráfarandi úr stjórn fyrir samstarfið. Að lokum þakkaði hann Hafnfirðingum fyrir sitt framlag til aðalfundarins.

Fundi slitið kl. 16:30 á slaginu.